

# Fundur um leiðsögn nýliða og kennaranema

## Fundur með nokkrum sérfræðingum við HÍ, Lhí og HA, 29. janúar 2016 kl. 9.

Fundarmenn: Birna M. Svanbjörnsdóttir, María Steingrimsdóttir, Guðmundur Engilbertsson, Guðný Helga Gunnarsdóttir, Kristín Valsdóttir, Ragnildur Bjarnadóttir, Hafdís Ingvarsdóttir og Arna H. Jónsdóttir. Skipuleggjendur og stjórnendur: Edda Kjartansdóttir, Sigurjón Mýrdal og Sólrún Harðardóttir

Hópurinn var kallaður saman til að ræða um leiðsögn við nýliða. Það tengist einnig leiðsögn við kennaranema og leiðsögn við reynda kennara sem hugsanlega eru nýliðar á ákveðnu sviði. Eðlilegt er að fagráðið taki sérstaklega á þessu, enda er um að ræða starfsþróun kennara á ákveðnu skeiði starfs síns.

### Staðan í dag

Fyrst var rætt um stöðuna í dag. Ekkert kerfisbundið er í gangi, en benda má á einstaka dæmi þar sem sérstaklega er stutt við nýliða. Tilviljanakennt hvort og hvernig stuðningur er við nýliða. Þetta er gjarnan tengt ákveðnum skólum eða verkefnum (d. byrjendalæsi). Sums staðar er þetta í menningu skólanna en víða alls ekki. Skv. rannsókn við HA eru innan við 50% nýliða í grunn- og framhaldsskólum sem fá sérstakan leiðsagnarkennara en ekki er kortlagt hvernig stuðningur það er, líklega er þetta meira praktískur stuðningur en faglegur. Oft er stuðningur við þróunarverkefni í skólum (d. MSHA). Oft er þá um að ræða stuðning við kennarateymi og þá fylgja nýliðar vissulega með.

### Hvernig er æskilegt að stuðningurinn sé?

Talað um að stuðningur tengist:

- fagsviðum
- mannlegum samskiptum og kennsluaðferðum (að vera kennari)
- persónulegu öryggi í starfi
- menningu skólans

Einnig vísað til skýrslu Evrópusambandsins þar sem litið er á leiðsögn nýliða sem hluta af kennaramenntun. Hún felur í sér: grunnmenntun, aðlögun að starfi og símenntun/starfsþróun. [Þetta er í samræmi við framsetningu fagráðsins.]

Að læra á menningu skólans er talið mjög mikilvægt fyrir kennara til að festa sig vel í sessi. Nýliðum finnst þá vanta vettvang til að ræða kennsluaðferðir, samskipti og persónulegt öryggi í starfi. Þeir sakna einnig meiri endurgjafar frá skólastjórnendum og samstarfsfólki.

Varðandi kennaranema á lokaári og vettvangsnám var sagt frá því að kennaranemar væru ekki síður uppteknir af öðru en kennslunni sjálfri, s.s. foreldrasamstarfi, haustundirbúni ngi og fleiru. Í framhaldinu rætt um að það væri mismunandi hvers konar stuðningur þyrfti að koma á hverjum tíma. Færi eftir þroska fólks í starfi og hvar það væri stutt á starfsferlinum. Á fyrsta ári í kennslu er allt varðandi mannleg samskipti og stjórnun mjög ofarlega. Nýliðum finnst mikilvægt að hafa e-n formlega að leita til.

Mjög einstaklingsbundið hvað nýliðar þurfa á að halda. Því er svolítið erfitt að setja fram ákveðið kerfi. Þetta þarf að vera sveigjanlegt. \* (Sjá hér að neðan: *hverjir eru nýliðar?*)

Kennarafélög áhugasöm um stuðning við nýliða. Sveitarfélög og menntamálaráðneytið þurfa að virða þessa þörf. Mikilvægt að allir sem málið varðar komi að þessu. Var áður í kjarasamningum. Slæmt að það fór út. Einnig var reglugerð um þetta.

Hlutverk leiðsagnarkennara er óljóst. Rætt um að þeir sem veiti leiðsögn (bæði kennaranemum og nýliðum) þurfi að þekkja sitt hlutverk og vera undirbúnir eða menntaðir til þess. Þeir þurfa að geta veitt uppbyggjandi leiðsögn í tengslum við kennslu. Vísað til náms sem HA og HÍ bjóða saman og er ætluð þessum hópi kennara sem veita leiðsögn. Hugsanlega getur styttra nám eða námskeið líka gert sitt fyrir þennan hóp.

Umrætt nám þar sem fjallað er um starfstengda leiðsögn og menntandi samskipti er ætlað þeim sem taka á móti kennaranemum og styðja við nýliða. Stærsti hluti námsins á við hvoru tveggja, en svo er sérstaklega fjallað um leiðsögn þessara tveggja hópa.

### **Efling í skóla**

Ef einstakir kennarar skóla fara í nám eins og greint er hér frá hefur það sýnt sig að það smitar út frá sér. Fleiri fylgja í kjölfarið og eins hafa kennararnir faglega áhrif í kringum sig (á samstarfsfólk og nemendur).

Sá kennari sem tekur að sér leiðsögn fær um leið tækifæri til að þróa sig í starfi og hann stuðlar svo að starfsþróun nýliðans. Það hefur sýnt sig að kennarar telja sig læra mikið af því að vera í leiðsagnarhlutverkinu og að leiðsögn kennaranema getur verið lyftistöng í skólastarfi. Margföld starfsþróun! Mikilvægt er að líta ekki á leiðsögnina sem aukavinnu sem byggir á hyggjuviti. Hún krefst faglegrar þekkingar og vinnubragða.

Líka talið eflandi fyrir skóla að taka á móti kennaranemum. Nýliðar og kennaranemar geta líka kennt reyndum kennurum ýmislegt! – Mikilvægur punktur.

Talað um að skólastjórnendur séu ílykilhlutverki og þeir byggi m.a. upp menningu fyrir leiðsögn. Þarf að fjalla um í námi þeirra. (Er inni í HA). Þetta hangir líka þétt saman við starfendarannsóknir, lærdómssamfélag og fagleg vinnubrögð í skólum. Í grunnskólum er vaxandi samstarfskúltúr og er það jákvætt fyrir nýliða. Ýmist út frá árgangi eða fögum. Teymiskennsla er líka að verða algengari en áður í grunnskólum. Ekki er mikið um slíkt í framhaldsskólum.

Tekið undir að skólastjórnendur væru ílykilhlutverki en í tilfelli listgreinakennara væru samstarfskennarar ekki síður mikilvægir (t.d. við móttöku kennaranema) en samstarfsskólar.

Ávinningur af því að styðja við nýliða: færri hætta að kenna og stöðugleiki verður meiri, ýtir undir fagmennsku í skólum.

### **Hverjir eru nýliðar?**

Nýliðar eru af ýmsum gerðum:

- þeir sem eru að hefja sinn kennsluferil
- reyndir kennarar á nýjum vinnustað
- reyndir kennarar sem breyta til varðandi námssvið, skólastig eða bekkjardeildir
- reyndir kennarar sem koma aftur til kennslu eftir hlé
- þeir sem eru að hefja sinn kennsluferil en geta haft langa reynslu sem leiðbeinendur eða ófaglærðir starfsmenn í skóla
- almennt orðað: kennari í nýju hlutverki

Sérstaklega rætt um að nýliðar í röðum leikskólakennara fái ekki að vera nýliðar þar sem þeir hafi oftast einhverja starfsreynslu áður en þeir hefja nám. Þegar þeir eru formlega orðnir menntaðir leikskólakennarar fái þeir ýmis verkefni m.a. að leiðbeina öðrum, þ.e. ófaglærðu starfsfólki.

### **Ábendingar til fagráðs – hvað þyrfti að leggja til?**

Viðurkenna þarf að barna er verk sem þarf nauðsynlega að sinna til að efla skólastarf. Nýliðinn þarf aukinn tíma vegna aðlögunar og leiðsagnarkennari þarf sjálfur að fá tíma til að sinna leiðsögn. Þetta snýst mikið um tíma og aðstæður.

Nýliðar eigi rétt á stuðningi. Gæti líka verið sett fram sem aðlögunarár. Þyrfti að koma á einhverju sveigjanlegu kerfi.

Fjölbreyttur stuðningur. Ólíkur stuðningur getur hentað ólíkum nýliðum. Nýliði ætti þó að geta leitað til aðila innan eða utan skóla sem hefur formlega menntun sem leiðsagnarkennari eða kennaramenntandi. Í rannsóknum kemur fram að nýliðar segja að leiðsögn nýtist þeim best ef það er aðili sem kennir sömu grein, sama námssvið eða er á sama stigi.

Stuðningur getur verið á ólíku formi:

- Leiðsagnarkennari / mentor – vinnur með einstaklingum
- Jafningjaleiðsögn – nýliðar mynda hóp og einn ráðgjafi vinni með þeim
- Lærdómssamfélag í skóla – nýliðar teknir með inn í þróunarverkefni og starf reyndari kennara.

Almennt er talað um leiðsagnarkennara innan skóla en stuðningur getur komið víðar að. Dæmi: háskólar, skólaskrifstofur, aðrir skólar t.d. á sama svæði eða hverfi, aðrar stofnanir o.s.frv. Getur verið sérstaklega mikilvægt í leikskólum þar sem er hátt hlutfall ófaglærðra.

Einnig var rætt um að nýliðar geti verið einir síns liðs hér og þar í skólum og hægt væri að búa til hóp þeirra á netinu. Hugsanlega geta þeir, sem hópur, haft einn eða fleiri leiðsagnarkennara til að ræða við.

Menntun skólastjórnenda. Í ljósi þess hve skólastjórnendur skipta miklu máli þegar kemur að því að byggja upp menntun þar sem m.a. stuðningur við nýliða er í öndvegi þarf þetta málefni að vera tekið fyrir í menntun þeirra.

Menntun leiðsagnarkennara. Mikilvægt að leiðsagnarkennarar geti þróað sig í starfi sem slíkir og fengið viðeigandi formlega menntun.

Mögulegar útfærslur. Rætt um að stuðningur við nýliða þyrfti að koma fram í kjarasamningum. Einnig vikið að vinnumati og að skólastjóri gæti stuðlað að því að nýta þann tíma vegna nýliða. Sömu leiðis gæti þetta komið fram í gátlista sveitarfélaga varðandi skólanámskrá og hjá ráðuneyti gagnvart framhaldsskólum. Sveitarfélög og menntamálaráðuneytið styðji kennara til að mennta sig sem leiðsagnarkennara, kæmi t.d. fram í launum eða kennsluafslætti.

*Sólrún Harðardóttir tók niður punkta*

*Athugasemdir og viðbætur komu frá Hafðísi, Maríu og Ragnhildi sem hér hefur verið tekið tillit til*